

## Stjórnarfundur no 4, 2013/2014

Ár 2013 fimmtudaginn 12. september kom stjórn og varastjórn saman til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 18.30. Undirritaðir sátu fundinn.

Formaður Úlfhildur Rögnvaldsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist:

### 1. Kjarakönnun LÍV/VR

Farið var í stuttu máli yfir niðurstöður könnunar sem gerð var nýverið en nánar verður farið yfir þessi mál á fundi með trúnaðarráði kl. 20 í kvöld.

### 2. Þing AN 4.-5.október n.k. á Illugastöðum

Tilnefna þarf allt að 18 fulltrúa. Vísað til Trúnaðarráðs.

### 3. Þing LÍV á Akureyri 8.-9. nóvember n.k.

Kjósa þarf 5 fulltrúa og 5 til vara. Vísað til Trúnaðarráðs.

### 4. Nýjar reglur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks (SVS)

Úlfhildur kynnti breytingar á reglunum sem taka gildi n.k. áramót.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson, Eydís Bjarnadóttir, Kristín Þorgilsdóttir ritaði fundargerð.